



# HANDBÓK

Rafræn innkaup

1	Rafræn innkaup.....	3
2	Hvað er rafrænn reikningur .....	3
3	Stillingar kerfis.....	4
4	Fjárhagur .....	7
4.1	<i>Rauðar merktir reikningar í yfirlitsmynd .....</i>	<i>9</i>
4.2	<i>Í upphafi .....</i>	<i>9</i>
4.3	<i>Reglubundin vinnsla .....</i>	<i>9</i>
5	Birgðauppfærsla.....	9
5.1	<i>Sjálfvirk pörun vörunúmera.....</i>	<i>10</i>
5.2	<i>Handvirk pörun vörunúmera .....</i>	<i>10</i>
5.3	<i>Álagning og uppfærsla á verði .....</i>	<i>10</i>
6	Verkbókhald .....	11
6.1	<i>Stillingar .....</i>	<i>11</i>
6.2	<i>Para reikning við verk.....</i>	<i>12</i>
6.3	<i>Álagning á endursölu vöru .....</i>	<i>12</i>
6.4	<i>Verkbókhald og sölureikningar .....</i>	<i>13</i>

## 1 Rafræn innkaup

Rafræn innkaup er til að lesa inn rafræna innkaupareikninga frá birgjum (*lánardrottnum*) beint inn í fjárhag og spara sér þá vinnu sem ella hefði farið í að handskrá sömu reikninga. Rafrænn innlestur innkaupareikninga dregur úr villuhættu, eykur öryggi og hraða í allri vinnslu auk þess að vera mun umhverfisvænni leið en handvirk skráning af pappír. Vinnusparnaður getur verið verulegur og af þessum sökum eru flest stærri fyrirtæki og stofnanir farin að krefjast rafrænna reikninga frá sínum lánardrottnum.

Með innlestri á rafrænum innkaupareikningi sparast ekki aðeins vinna við að skrá lánardrottnareikning inn í fjárhag bókhalds heldur er einnig hægt að skrá vörur beint inn á lager og/eða skrá aðkeypt efni til endursölu beint inn á verk í verkbókhaldi.

- a) **Birgðauppfærsla**, parar aðkeypt efni við eigin vöruskrá og skráir inn keypt magn og uppfærir söluverð miðað við nýtt kostnaðarverð. Sjá nánar í kafla 5.
- b) Skrá aðkeypt efni til endursölu beint á verk í **verkbókhaldi**. Fyrir verktaka og fleiri sem kaupa inn mikið magn af aðkeyptu efni vegna verka í vinnslu sem verður endurselt til viðskiptavina. Efniskaup færast með sjálfvirkum hætti beint á valið verk þar sem auðvelt er að uppfæra yfir í samandreginn eða sundurliðaðan sölureikning. Verkið heldur þannig utan um kostnaðarverð, útsöluverð og framlegð og gefur þannig mikilvæga yfirsýn á því hvernig verkið er að koma fjárhagslega út.

Hægt er því að uppfæra rafræna innkaupareikninga á þrjú staði í Stólpa. Inn í fjárhaginn, í birgðakerfið og í verkbókhaldið, allt eftir þörfum hvers og eins.

Að hefja móttöku eða sendingu rafrænna reikninga er mjög einföld aðgerð. Þjónustuborð Stólpa aðstoðar notendur að taka þetta skref. Setja þarf upp læsta tengingu við skeytamiðlara og leiðbeina um virkni kerfisins.

Í þessari handbók er farið yfir helstu atriði sem huga þarf að við innlestur rafrænna reikninga. Yfirferðin er ekki tæmandi og er ráðlagt að fá kennslu og þjálfun áður en innlestur hefst. Skráning á námskeið fer fram í gegnum vef okkar [www.stolpi.is/namskeid](http://www.stolpi.is/namskeid).

## 2 Hvað er rafrænn reikningur

Ekki alls fyrir löngu voru allir reikningar prentaði á pappír og sendir með sniglapósti til móttakanda. Innan fárra ára mun slíkt heyra til undantekninga þar sem rafrænir reikningar eru einfaldlega mun hagkvæmari, öruggari og betri valkostur en gamli pappírsreikningurinn.

Rafrænn reikningur fer sjálfkrafa sem rafrænt skeyti úr sölukerfi seljanda og er lesinn rafrænt inn í bókhaldskerfi móttakanda. Móttakandi þarf því aðeins að samþykkja reikninginn (eða hafna) áður en hann er uppfærður inn í bókhaldið. Allar upplýsingar reikningsins eru færðar inn í tölvulesanlegt skeyti (XML skeyti) sem sölukerfi seljanda sendir til viðurkennds *skeytamiðlara*. Rafrænn reikningur hefur því í raun ekkert útlit eins og gamli

pappírsreikningurinn þar sem aðeins er verið að senda hrá gögn en ekki mynd eða form. Hjá skeytamiðlara er skeytið varðveitt þar til bókhaldskerfi móttakanda sækir það með rafrænum hætti. Skeytamiðlarar hafa það hlutverk að miðla rafrænum reikningum milli sendanda og móttakanda. Einnig hafa þeir það hlutverk að yfirfara skeytið þannig að tryggt sé að það standist þá alþjóðlegu staðla sem fylgja þarf. Skeytamiðlarar taka fast mánaðarlegt tengigjald og fyrir hvert skeyti og viðhengi sem sent er með svipuðum hætti og Pósturinn tekur fyrir sniglapóstinn.

Margir líta svo á að reikningur sem sendur er sem PDF viðhengi með tölvupósti sé rafrænn reikningur, enda sé hann sendur með rafrænum hætti. Móttakandi reiknings þarf hins vegar að prenta út PDF reikninginn og handskrá hann inn. Þegar talað er um rafrænan reikning er því aðeins átt við um reikninga sem berast sem rafrænt skeyti úr einu bókhaldskerfi yfir í annað í gegnum viðurkennda skeytamiðlara.

### 3 Stillingar kerfis

Áður en byrjað er að lesa inn innkaupareikninga í Stólpa frá skeytamiðlara er mikilvægt að yfirfara stillingar kerfisins. Smellið á *Stillingar* í tækjastiku og opnast þá meðfylgjandi gluggi. Athugið að stillingar í meðfylgjandi glugga eiga ekki endilega við.

Almennt:		*** Sjálfgefin bókunargildi ***	
Notandi:	Suðmundur Ingi Hauksson	Reikningur	
Nota deildaskipta lykila?	<input checked="" type="checkbox"/>	Östöðluð bókunartilvísun:	Tilvísun
Skráarsafn rafrænna reikninga:	C:\Stolpagogn\Stolpi\RafræniReikningar	Vöruskrá:	*Engin
Rafræni reikningar:		Verkbókhald	
Sækja frá miðlara?	<input checked="" type="checkbox"/>	Verkbáttur:	
		Verkliður:	
		Starfsmaður:	
		Deild (deildaskipting lykila/vinnudeild)	
		Deild:	Almenn deild
		Línur	
		Tegund línutexta:	Vöruheiti+Athugasemd
		Vörukaupalykill:	*Vörukaupalykill lánardrottins
		Vörukaupalykill án skatts:	*Vörukaupalykill lánardrottins
		Lager:	
		Vöruflokkur (ef án vöru):	
		Tegund sjálfg. álagningar:	
		Álagning %	
Skrá útsölu í verkbókhald?	<input type="checkbox"/>		

**Skráarsafn rafrænna reikninga:** Móttekin og send skeyta rafrænna reikninga er vistað á miðlægu svæði sem kerfið þarf að hafa aðgang að. Þar eru skeytin varðveitt sem frumgagn reiknings.

**Sækja frá miðlara:** Til að sækja rafræna reikninga frá skeytamiðlara þarf að merkja hér við. Þjónustuborð Stólpa aðstoða við að opna tengingu við skeytamiðlara í upphafi og skrá inn læstan aðgang fyrirtækis. Tæknilega er hægt að lesa inn rafræna reikninga sem afhendir eru með öðrum hætti en frá skeytamiðlara, en slíkt er almennt ekki ráðlagt af öryggisástæðum.

**Búa til lánardr. reikning:** Stýrir hvort reikningur verði uppfærður inn í lánardrottnakerfið og þaðan inn í fjárhag. Ef merkt er við mun reikningur færast inn í fjárhaginn sem skráður kostnaðarreikningur.

**Leyfa aðra vsk%/línu:** Stýrir hvort leyfilegt sé að bóka reikning án virðisauka þó virðisauki sé í raun á upphaflega reikningum. T.d. kaffikostnaður.

**Birgðauppfærsla:** Stýrir því hvort mótttekið magn af innkaupareikningi sé fært inn í birgðakerfið á eigin vörunúmer. Magn og verð uppfærist inn á eigin vörunúmer. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.

**Skrá útsölu í verkþókhald?:** Stýrir því hvort efni af innkaupareikningi sé fært inn á valið verk í verkþókhaldi. Sjá nánari umfjöllun í kafla 6.

**Sjálfgefin bókunargildi:** Við innlestur á rafrænum innkaupareikningum inn í Stólpa frá skemtamiðlara fá allir móttæknir reikningar þá eiginleika sem notandi tilgreinir í sjálfgefnum bókunargildum. Eftir innlestur getur notandi hinsvegar opnað hvern reikning fyrir sig og breytt þessum bókunargildum ef þörf er á.

**Óstöðluð bókunartilvísun:** Rafrænir reikningar innihalda svæði sem kallast *bókun* eða *bókunartilvísun*. Í svæðið er hægt að skrá hvað sem er til að auðvelda meðhöndlun/flokkun reiknings hjá móttakanda. Til dæmis númer deildar, verknúmer eða annað sem þarf til að auðkenna reikninginn í bókhaldi. Fyrirtæki sem móttaka rafræna reikninga geta óskað eftir því við birgja sína hvernig þetta svæði er nýtt. Í þessari stillingu er hægt að segja kerfinu frá því hvernig unnið skal með þetta svæði, þ.e. sem verknúmer, sem deildarnúmer eða opin óstöðluð tilvísun.

->**Verknúmer:** Ef þessi stilling er til staðar við innlestur reiknings og númer verks hefur verið skráð í svæðið við útgáfu reiknings mun kerfið sjálfkrafa tengja móttækinn innkaupareikninginn við samsvarandi verk í verkþókhaldi Stólpa þar sem efnið verður skráð ásamt kostnaðarverði og söluverði. Sjá umfjöllun í kafla 6.

->**Deildanúmer:** Ef þessi stilling er til staðar við innlestur reiknings og númer deildar hefur verið skráð í svæðið við útgáfu reiknings mun kerfið sjálfkrafa tengja móttækinn innkaupareikning við samsvarandi deild í Stólpa.

**Vöruskrá:** Stýrir hvernig vörunúmer birgja eru pöruð við eigin vörunúmer í vöruskrá. Ef uppfæra á birgðakerfið skal skrá hér *\*Vöruskrá valins birgja*. Ef ekki á að uppfæra vörur í birgðakerfið skal skrá hér *\*Engin*. Aðrir valmöguleikar eru fyrir mjög sérstök tilvik og almennt ekki notuð. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.

**Verkþókhald:** Sjá umfjöllun í kafla 6.

**Tegund línutexta:** Vörulínur reiknings hafa yfirleitt vörunúmer og vöruheiti. Hér getur notandi valið hvort hann sjá vöruheiti birgja eða sitt eigið vöruheiti, þ.e. vörunúmerin hafa verið pöruð saman við eigin vöruskrá – sjá nánar í kafla 5. Útgefandi reiknings

getur einnig skráð athugasemd með hverri vörulínu. Notandi velur hér hvaða vöruheiti hann óskar eftir að sjá, svo og hvort hann vilji einnig sjá athugasemd vörulínu hafi hún verið skráð. Almennt skal skrá hér *Vöruheiti+Athugasemd* sem sýnir þá vöruheiti birgja ásamt skráðri athugasemd.

**Vörukaupalykill:** Almennt er ráðlagt að hafa hér skráð *\*Vörukaupalykil lánardrottins*. Hver lánardrottinn er með skráðan sjálfgefinn vörukaupalykil í lánardrottnakerfi. Kerfið skráir þá sjálfkrafa þann lykil á allar línur innkaupareiknings sem skráður er á viðkomandi lánardrottinn við innlestur reiknings. Nauðsynlegt er þó að bókarí yfirfari hvort allar línur reiknings eigi við skráðan vörukaupalykil og breyta ef þess þarf. Dæmi: Starfsmaður fer í Byko og kaupir efni fyrir verk í vinnslu ásamt gosdrykk fyrir sjálfan sig. Þegar reikningur er lesinn inn koma allar línur reiknings sjálfkrafa á lykil fyrir fyrir aðkeypt efni enda er lánardrottinn Byko stilltur á þann lykil. Hinsvegar er gosdrykkurinn ekki efni til endursölu og þarf því bókarí að leiðrétta þessa línu reiknings svo gosdrykkurinn færist á starfsmannakostnað í fjárhag.

**Vörukaupalykill án skatts:** Almennt er ráðlagt að hafa hér skráð *\*Vörukaupalykil lánardrottins*. T.d. þegar bókaður er kaffikostnaður sem er án skatts en rafræni reikningurinn er með skatti, kemur villumelding á reikninginn ef notaður er lykill án skatts nema þessi aðgerð sé valin og sjálfgefni lykillinn sé án skatts.

**Vöruflokkur (ef án vöru):** Óparaðar vörur/efni sem fært er inn á verk er hægt að auðkenna sem ákveðinn vöruflokk, t.d. vöruflokkinn *Aðkeypt efni til endursölu*. Ef vara er þöruð við eigin vöruskrá kemur sjálfkrafa vöruflokkur eigin vöru.

**Tegund álagningar:** Hvort sem vörur eru uppfærðar inn í birgðakerfið sem lagervörur til endursölu og/eða skráðar beint á verk í verkbókhalda þarf að huga að því hver álagning vörunnar skal vera. Í kafla 5 er farið yfir hvernig vörur úr rafrænum reikningi eru paraðar við eigin vörunúmer sem hefur þegar skráða álagningu og nýtt söluverð reiknað út frá nýju kostnaðarverði og skráðri álagningu. Í verkbókhalda er hinsvegar hægt skrá aðkeypt efni inn á verk án þess að efnið sé endilega parað við eigið vörunúmer. Þarf þá að tilgreina álagningu á efninu svo kerfið geti reiknað út söluverð efnis. Fjórir valmöguleikar eru í boði:


- a) *% kostn.verðs (ef vara finnst ekki):* Álagningar prósentu leggst ofan á kostnaðarverð fyrir þær vörur sem ekki parast við eigin vöruskrá. Vörur sem parast við eigin vöruskrá fá skráða álagningu vörunnar.
- b) *% mv. afslátt (ef vara finnst ekki):* Álagningar prósentu reiknast út frá afslætti frá byrgja. Álagningar prósentu 100 þýðir að söluverð verði jafnt og verðlistaverð birgja (verð fyrir afslátt) en aðeins fyrir þær vörur sem ekki parast við eigin vöruskrá. 105 þýðir að söluverð verði 5% hærra en verðlistaverð birgja. Vörur sem parast við eigin vöruskrá fá skráða álagningu vörunnar.

- c) % kostn.verðs (allar línur). Sama og í a lið nema álagning kemur á allar vörur, hvort sem þær eru paraðar við eigin vöruskrá eða ekki.
- d) % mv. afslátt (allar línur). Sama og í b lið nema álagning kemur á allar vörur, hvort sem þær eru paraðar við eigin vöruskrá eða ekki.

Yfirlitsmynd stillingar áður en lesið er inn í fyrsta skipti. Athugið að sýndar stillingar á meðfylgjandi skýringarmynd henta ekki öllum fyrirtækjum. Farið yfir valmöguleikana og veljið þær stillingar sem hentar hverjum og einum.

## 4 Fjárhagur

Smellið á „Sækja reikninga“. Staðfestingargluggi sýnir hversu margir reikningar voru lesnir inn.



The screenshot shows a web application interface for 'Stólpi - Rafræn Innkaup'. It features a table with columns for transaction details. The table is titled 'Innkaupareikningar: 1' and has a dropdown menu for 'Birting: Óuppfærðir reikningar'. The table contains one row of data for a transaction.

Sendandi	Kennitala	Reikningstegund	Reikningsnúmer	Móttæk.	Útgefinn	Gjaldlagi	Eindagi	Mynt	Greiðslumáti	Reikn.upphæð
(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)	(Allt)
		Reikningur	SR-0475540	28.09.16	26.09.16	26.09.16		ISK	Kort (Debet-/Kredit-)	4.822,58

Below the table, there are buttons for 'Hreinsa siur', 'Sækja reikninga', 'Skoða', 'Uppfæra', and 'Eyða'.

Yfirlitsmyndin sýnir þá reikningana sem lesnir voru inn. Veljið þann reikning sem skal skoða og smellið á *Skoða* neðst á skjánum. Einnig hægt að tvísmella til að opna reikning. Þá er hægt að skoða hvernig reikningurinn mun bókast og færa inn breytingar ef þurfa þykir.

Skoðið sérstaklega flipann *Bókun lína*. Þar sjáum við á hvaða fjárhagslykil viðkomandi reikningur mun bókast.

Ef reikningurinn inniheldur virðisaukaþrep sem ekki samræmist sjálfgefna vörukaupalykli lánardrottins er hann merktur með rauðu til aðgreiningar. Breytið þá viðkomandi vörulínu í samræmi, annars bókast reikningurinn með röngum virðisauka.

Hins vegar getur verið þörf á því að bóka innkaupareikning án virðisauka þó svo að reikningurinn hafi að geyma virðisaukaskatt. T.d. kaffikostnaður. Þá skal velja í stillingum

**Leyfa aðra vsk%/línu og Vörukaupalykil án skatts** svo ekki komi villa við uppfærslu á slíkum reikningi.

Lokið glugganum með því að smella á X efst í hægra horni gluggans, eða Ctrl + W á lyklaborði, og skoðið síðan næsta reikning.

Stillingar

<b>Almennt:</b>		<b>*** Sjálfgefin bókunargildi ***</b>	
Notandi:	E. Áslaug Kristinsdóttir	<b>Reikningur</b>	
Nota deildaskipta lykila?	<input type="checkbox"/>	Östöðluð bókunartilvísun:	Tilvísun
<b>Skráarsafn rafrænna reikninga:</b>		Vöruskrá:	*Eigin vöruskrá eftir vörunr.
C:\Stolpagogn\Stolpi\RafrænirReikningar		<b>Verkbókhalð</b>	
<b>Rafrænir reikningar:</b>		Verkbáttur:	*Sjálfg. verkbáttur verks
Sækja frá miðlara?	<input checked="" type="checkbox"/>	Verkliður:	*Sjálfg. verkliður verks
		Starfsmaður:	
<b>Sjálfgefin gildi uppfærslu:</b>		<b>Deild (deildaskipting lykila/vinnudeild)</b>	
Uppfærsludagsetning:	Útgáfudagsetning reiknings	Deild:	*Deild starfsmanns
Búa til lánardr.reikning?	<input checked="" type="checkbox"/>	<b>Línur</b>	
- Leyfa aðra vsk%/línu?	<input checked="" type="checkbox"/>	Tegund línutexta:	Eigin vöruheiti+Athugasemd
Birgðauppfærsla:	Ekki uppfæra	Vörukaupalykill:	*Vörukaupalykill lánardrottins
		<b>Vörukaupalykill án skatts:</b>	<b>Vörukaupalykill lánardrottins</b>
		Lager:	LAGER
		Vöruflokkur (ef án vöru):	40 Akstur
		Tegund sjálfg. álagningar:	% kostn.verðs (ef vara finnst ekki)
		Álagning %	12,50
Skrá útsölu í verkbókhalð?	<input type="checkbox"/>		

Reikningur: SR-0475540 Raðnr.: 138

<b>Sendandi</b>	<b>Lánardrottin/Birgji</b>	<b>Kröfuhafi</b>	<b>Móttakandi</b>
Nafn: [redacted]	Nafn: [redacted]	Nafn: [redacted]	Nafn: Stólpi Viðskiptalausnir ehf.
Kennitala: [redacted]	Kennitala: [redacted]	Kennitala: [redacted]	Kennitala: 5404090130
Heimili: [redacted]	Heimili: [redacted]	Heimili: [redacted]	Heimili: Borgartúni 28
Staður: 105 Reykjavík	Staður: 107 Reykjavík	Staður: 105 Reykjavík	Staður: 105 Reykjavík
GLN nr.: [redacted]	GLN nr.: [redacted]	GLN nr.: [redacted]	GLN nr.: 5404090130

<b>Dagsetningar</b>	<b>Greiðsluupplýsingar</b>	<b>Gjaldmiðill</b>	<b>Tilvísanir</b>
Útgefinn: 26.09.16	Skilmálar.: [redacted]	Mynt/gengi: ISK 1,000	Bókun: [redacted]
Móttékinn: 28.09.16	Gr.máti: Kort (Debet-/Kredit-/Innkaupa)	<b>Afhending</b>	Reikningur: [redacted]
Gjaldddagi: 26.09.16	Gr.tilvísun: [redacted]	Dags.: [redacted]	Kreditnóta: [redacted]
Eindagi: [redacted]	Bankanr.: [redacted]	Heimili: [redacted]	Pöntun: [redacted]
Tímabil frá: [redacted]	Höfuðbók: [redacted]	Staður: [redacted]	Sæmningur: [redacted]
Tímabil til: [redacted]	Reikn.nr.: [redacted]	GLN nr.: [redacted]	

Línur	Vörueiningar	Bókun lína	Bókun reiknings	Athugasemd	Viðhengi		
Lína	Vörunr. birgja	Texti	Vörunúmer	Bókunarykill	Lager	Álagn.%	Vöruflokkur
1	120	[redacted]	[redacted]	4120.0.0.0	LAGER	12,50	Akstur

Þegar allir reikningar hafa verið yfirfarnir smellið þá á **Uppfæra**. Val er gefið um að uppfæra valda reikninga eða úrtak. Smellið aftur á **Uppfæra** og síðan **Staðfesta**. Þá hafa reikningarnir verið færðir inn í **Lánardrottnakerfið - Skráning reikninga** sem ósamþykktir reikningar. Þar gefst aftur kostur á að breyta bókunarlyklum og lagfæra dagsetningar ofl ef þurfa þykir.

Þegar þeir hafa fengið samþykki má **Uppfæra** reikningana yfir í **fjárhagskerfið**.



Sjá nánar um skráningu reikninga í lánardrottnakerfi í [Handbók Lánardrottnakerfis](#), kafla 3.1.2 Skráning reikninga.

#### 4.1 Rauðar merktir reikningar í yfirlitsmynd

Reikningar sem Stólpi tekur á móti hafa þegar verið yfirfarnir af skeytamiðlara svo tryggt sé að reikningur uppfylli öll lykilatriði samkvæmt reglum og stöðlum sem um þá gilda. Hinsvegar eru önnur atriði reiknings sem flokkast ekki sem lykilatriði hans, svo einingaverði vöru, magn eða veittur afsláttur. Ef verið er að uppfæra rafrænan reikning inn í birgðakerfið eða verkbókhald Stólpa skiptir máli að einingaverð vöru, magn og afsláttur stemmi örugglega saman við fjárhæð línu. Dæmi eru um að þessar upplýsingar séu ekki fullkomlega réttar þó reikningur sé réttur að öðru leiti, enda eru gerðar minni kröfur um þessar upplýsingar en lykilatriði reiknings. Stundum er um minniháttar afrúning að ræða sem skiptir litlu sem engu máli en sést hafa dæmi þar sem einingaverð og afsláttur var kolvitlaus þó reikningur var réttur að öðru leiti.

Stólpi yfirfer þessar upplýsingar og ef minnsta ósamræmi finnst verður reikningur rauðmerktur og sú vörulína sem sýnir ósamræmi einnig rauðmerkt. Eins og áður hefur komið fram skipta þessar upplýsingar miklu máli ef verið er að endurselja vöru og rangt einingaverð eða afsláttur af kaupverði hefur því mikið að segja að varan sé endurseld á réttu verði. Bókari hefur þá val um að lagfæra einingaverð handvirkt í birgðakerfi eða verkbókhaldi eða sem eðlilegra er að kvarta við útgefanda reiknings og fá reikninginn endursendan með réttum ítarupplýsingum.

#### 4.2 Í upphafi

- Hafa samband við þjónustuborð Stólpa með uppsetningu
- Yfirfara stillingar áður en reikningar eru lesnir inn
- Ráðlagt að taka námskeið eða símaráðgjöf hjá Stólpa áður en innlestur hefst

#### 4.3 Reglubundin vinnsla

- Lesa inn reikninga í Stólpa frá skeytamiðlara
- Yfirfara innlestur t.d. Bókun lína með tilliti til virðisaukafærslna
- Uppfæra yfir í lánardrottna- (birgðakerfi og/eða verkbókhald samhliða)
- Fá samþykkt á reikninga
- Uppfæra yfir í fjárhagskerfi

### 5 Birgðauppfærsla

Í rafrænum innkaupareikningum má einnig tengja vörunúmer keypra vara við eigin vörunúmer svo og keypt magn og verð uppfærast samhliða því að reikningurinn er uppfærður inn í fjárhaginn. Þetta einfaldar mjög alla vinnslu og dregur úr villuhættu. Rétt er þó að benda á að ástæðulaust er að halda utan um vörur á lager ef varan er keypt í eitt skipti og seld strax aftur út til viðskiptavinar. Á skömmum tíma yrði vörurskráin orðin gríðarlega stór og þung í allri vinnslu þar sem virk vörunúmer væri aðeins lítill hluti og drukknað innan um

ónotuð vörunúmer. Aðeins ætti því að vera með vöruskrá yfir virkar lagervörur og uppfæra magn á þær vörur en ekki ein-skiptis-vörur, sem tengjast þá einstaka verkefni og mun eðlilegra er að halda utan um slíkar vörur í gegnum verkbókhaldið. Sjá nánari umfjöllun um þetta í kafla 6 um Verkbókhald.

Í *Stillingum* kerfis skal *Vöruskrá* vera stillt á *\*Vöruskrá valins birgja*. Aðrir valmöguleikar eru mjög sérhæfðir og aðeins notaðir við sérstakar aðstæður.

Í *Stillingum* kerfis má velja á milli *Bein uppfærsla* eða *Birgðaskráningadagbók*. Með beinni uppfærslu uppfærast magn og verð strax við uppfærslu reiknings inn í fjárhag. Bókari þarf þá sjálfur að geta gengið úr skugga um að talið magn sé í samræmi við magn á innkaupareikningi. Með *Birgðaskráningadagbók* útbýr kerfið runu í birgðaskráningadagbók birgðakerfis þar sem hægt er að yfirfara og breyta magni eða verði ef þörf er á fyrir uppfærslu birgðakerfis. Sér í lagi ef bókari vill fá annan starfsmann, t.d. á lager, til að staðfesta mótttekið magn fyrir uppfærslu birgðakerfis.

Í *Stillingum* kerfis má velja sjálfgefinn lager. Fyrirtæki sem hafa fleiri en einn lager geta skipt um valin lager í flípanum *Bókun reiknings*.

### 5.1 Sjálfvirk pörun vörunúmera

Pörun vörunúmera getur verið sjálfvirk ef vörunúmer birgja hefur verið skráð á vöruspjald eigin vöru fyrir móttöku reiknings.

Í *Stillingum* kerfis þarf að gæta þess að *Vöruskrá* sé stillt á *\*Vöruskrá valins birgja*.

Veljið flípann *Birgjar/Erlent* í vöruspjald vöru. Skráið þar nöfn birgja, einn eða fleiri, og vörunúmer hvers birgja fyrir valda vöru. Eftir að þetta hefur verið skráð mun kerfið hér eftir tengja þessi tvö vörunúmer saman við innlestur reikninga.

### 5.2 Handvirk pörun vörunúmera

Veljið flípann *Bókun lína* í innkaupareikningi. Í dálknum *Vörunúmer* er valið eigið vörunúmer. Keyptar vörur sem hafa ekkert vörunúmer skráð í reitnum *Vörunúmer* hafa engin áhrif á birgðakerfið – eðli málsins samkvæmt. Aðeins með pörun vörunúmera er hægt að gera birgðakerfinu grein fyrir hvaða vörur er verið að kaupa.

Línur	Vörueiningar	Bókun lína	Bókun reiknings	Athugasemd	Viðhengi			
Lína	Vörunr. birgja	Texti	Vörunúmer	Bókunarlykill	Lager	Álagning	Vöruflokkur	
1	VEFSEND	Sendiarkostnaður	1702	2100.0.0.0	LAGER	50,00	01 Stólpi leiga	▼
2	BRA918413	Bréfabindi A4 80mm ljósgrænt	1602	2100.0.0.0	LAGER	75,00	01 Stólpi leiga	▼
3	PI322716	Kúlutússpenni Frixion Ball rauður 0,7mm	4403	2100.0.0.0	LAGER	100,00	10 Hýsing og afritu	▼
4	PI356063	Fyllingar Frixion Ball og Clicker 0,7 rauðar 3st	1030	2100.0.0.0	LAGER	150,00	03 Viðhalds- og þj	▼

### 5.3 Álagning og uppfærsla á verði

Ef keypt vara er pörðuð við eigin vöru hefur álagningin þegar verið skráð á vöruspjald hennar og verður það sjálfgefin álagning á innkaupareikningi. Kerfið uppfærir þá skráð kostnaðarverð vörunnar og reiknar út nýtt söluverð miðað við skráða álagningu hennar. Hægt er að yfirskrifa nýja álagningarprósentu ef þess þarf.

Í *Stillingum* kerfis er *Tegund sjálfgr. álagningar.* er hægt að stilla þetta enn frekar og þá einnig hvaða álagning kemur á vörur sem ekki eru paraðar í verkbókhalda. Sjá nánar í kafla 3 um mögulega stillingar.

- Ef álagning á að stýrast af paraðri vöru skal velja: „*ef vara finnst ekki*“ hvort sem miðað er við kostnaðarverð eða afslátt frá birgja. Álagning á vöru sem finnst (þöruð vara) ræðast af skráðri álagningu eigin vöru sem parað er við en vörur sem finnast ekki (ópöruð vara) ræðst af álagninga prósentu í stillingum.
- Ef álagning á að stýrast af skráðri álagninga prósentu í stillingum skal velja: „*allar vörur*“, hvort sem miðað er við kostnaðarverð eða afslátt frá birgja.

## 6 Verkbókhalda

Flestir framkvæmdaaðilar kaupa aðeins efni fyrir verk í vinnslu. Gríðarlegt hagræði er fá slíka reikninga með rafrænum hætti og lesa efniskaupin inn á valið verk, línu fyrir línu, og þaðan yfir á endanlegan sölureikning, samandregið eða sundurliðað, til viðskiptavinar með álagningu (vinna starfsmanna getur bæst við ef tímaskráningar starfsmanna eru í stimpilklukku Stólpa og færast þaðan inn á valið verk). Í verkbókhaldu má sjá samantekt yfir kostnaðarverð, söluverð og framlegð sem gefur mikilvæga yfirsýn yfir afkomu verksins.

Æskilegt er að hver innkaupareikningur sé fyrir eitt verk en ekki mörg þar sem reikningur er í heild sinni færður á eitt valið verk. Aðkeypt efni þarf ekki að parast við eigin vöruskrá þegar það er fært línu fyrir línu yfir á verk í verkbókhalda – enda myndi slíkt fljótlega „sprengrja“ fjölda vörunúmera í eigin vöruskrá og þá er hætta á að tapa nauðsynlegri yfirsýn yfir þær lagervörur sem mest er unnið með. Ef efni er keypt sem lagervara og síðar selt til margra viðskiptavina eða inn á mörg verk er þó lítið mál að skrá efniskaup inn á lager og þaðan yfir á mörg verk í vinnslu. Lagerefni er uppfært inn í birgðakerfið sbr. kafla 5.

### 6.1 Stillingar

- a) Merkja við í *Skrá útsölu í verkbókhalda*.
- b) Velja *Verknúmer í Óstöðluð bókunartilvísun*. Ef birgi skráir verknúmer sem bókunartilvísun á sölureikning mun Stólpi tengja rafrænan innkaupareikning sjálfkrafa við verkið. Ef þetta er ekki gert þarf notandi sjálfur að para saman innkaupareikninga við verkið. Ef verkin eru fá er það fljótlegt en ef verkin eru mörg og innkaupareikningar margir er það tímafrek handavinna.
- c) *Verkþáttur og verkliður* eru valkvæmar skráningar notenda til að brjóta upp framkvæmdina í eina eða marga liði eftir þörfum hvers og eins. Þegar aðkeypt efni er fært úr innkaupareikningi yfir á verk skráist það eftir völdum verkþáttum og verkliði og veitir þannig meiri yfirsýn en ella. Þetta er þó smekksatriði.
- d) *Starfsmaður* er sá starfsmaður sem skráist einnig við efniskaupin í verkbókhalda.
- e) *Tegund álagningar/Álagning*: Sjá kafla 6.3

## 6.2 Para reikning við verk

Einfaldast er að birgjar skrái alltaf verknúmer verks sem bókunartilvísun við útgáfu reikninga, sbr. lið 6.1.b hér að framan. Með þeim hætti parast innkaupareikingur sjálfkrafa við rétt verk þegar hann er lesinn inn frá skeytamiðlara. Hinsvegar er allur gangur á því hvort þetta sé gert. Sé þetta ekki gert þarf notandi að skrá verkið á reikninginn.

- Opna flipann *Bókun* reiknings á völdum innkaupareikningi.
- Tvísmellið á svæðið *Verk* og leitið að verki
- Yfirfarið *Verkþátt*, *Verklið*, *Starfsmann* og *Vinnudeild* ef ástæða er til

## 6.3 Álagning á endursölu vöru

Notandi hefur nokkra valmöguleika í þessu. Í flestum tilfellum vill notandi þó líklega endurselja vöru á sama verði og listaverð birgja, og jafnvel með smá aukaálagi. Veittur afsláttur notenda hjá birgja gefur honum þá svigrúm til að leggja eitthvað á vöruna. Meiri afsláttur réttlætir þá hærri álagningu svo viðskiptavinur greiði sama verð og listaverð er hjá birgja. Í stillingum kerfis skal þá velja *Tegund sjálf. álagningar:% mv. afslátt (ef vara finnst ekki)*. *Álagning 105* þýðir að lagt er 5% ofan á verðlistaverð birgja. Kerfið reiknar þá sjálfkrafa hver álagningin er línu fyrir línu í samræmi við veittan afslátt.

Tegund sjálfg. álagningar:	% mv. afslátt (ef vara finnst ekki) ▾
Álagning %	105,00

Dæmi: Listaverð hjá birgja á vöru er 1.000 kr. Notandi kaupir vöruna með 20% afslætti eða á 800 kr. Kerfið reiknar sjálfkrafa út að álagning þarf að vera 31,25% svo söluverð til viðskiptavinar verði 1.050 kr (5% hærra en listaverð).

Hin leiðin er að reikna fasta álagningu ofan á kostnaðarverð. Þá bætist föstu prósentutala við kostnaðarverðið, með sama hætti og söluverð er reiknað í birgðakerfinu á vörur. Þar sem afsláttur birgja getur verið mjög mismunandi milli vara er líklega flestir sem vilja láta álagninguna ráðast af afslætti birgja svo viðskiptavinur sé að greiða sambærilegt verð fyrir efnið og hann hefði sjálfur keypt það hjá birgjanum.

## 6.4 Verkbókhald og sölureikningar

Eftir að rafrænn innkaupareikningur hefur verið uppfærður má sjá allar helstu upplýsingar um allt aðkeypt efni, kostnaðarverð þess, álagningu, framlegð og fleira. Bæði fyrir efni og einnig fyrir vinnu ef tímar starfsmanna eru skráðir í stimpilklukku Stólpa.

Þegar kemur að því að útbúa sölureikning á verkið er einfalt að reikningsfæra allt verkið eða ákveðið tímabil.

Samsvarandi reikningur myndast þá í sölukerfinu sem getur ýmist verið samandreginn eða sundurliðaður.

Í sundurliðuðum sölureikningi kemur þá hver efnisskráning og hver tímaskráning með athugasemdum.

Einnig er hægt að taka út skýrslur í verkboðhaldi – Yfirlit með reikningi sem sýnir ítarlega sundurliðun á efni og vinnu.

Samtölur verks			
Samtölur fyrir:	MEÐALFELLVATN		
	Yfirlit: [v]		
Raunkostnaður	Vinna	Efni	Alls
Kostnaðarverð	0,00 kr.	419.031,80 kr.	419.031,80 kr.
Söluverð	0,00 kr.	537.093,30 kr.	537.093,30 kr.
Vinnutímar	0,00	---	0,00
Álagning	---	0,00 kr.	0,00 kr.
Afsláttur	0,00 kr.	0,00 kr.	0,00 kr.
Afsláttur %	0,00	0,00	0,00
Framlegð kr.	0,00 kr.	118.061,50 kr.	118.061,50 kr.
Framlegð %	0,00	21,98	21,98
Hlutdeild %	0,00	100,00	
<b>Alls útselt</b>	<b>0,00 kr.</b>	<b>537.093,30 kr.</b>	<b>537.093,30 kr.</b>
Reikningsfært			
Vinnutímar	0,00		
Hlutdeild %	0,00	100,00	100,00
Upphæðir	0,00 kr.	537.093,30 kr.	537.093,30 kr.
Raunframlegð kr.	0,00 kr.	118.061,50 kr.	118.061,50 kr.
Raunframlegð %	0,00	21,98	21,98
<b>Effirstandandi</b>			<b>0,00 kr.</b>
Áætlað			
Vinnutímar	0		
Vinna			